


Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2018

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði, 149. löggjafarþing 2018-2019. Þingskjal 69 – 69. mál.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjalmtýsdóttir,  
Framkvæmdastjóri.



## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um refsingar fyrir hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði

### 149. löggjafarþing 2018-2019.

#### Þingskjal 69 — 69. mál.

Rauði krossinn á Íslandi er hluti af Alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans og vinnur að margs konar verkefnum á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar í samvinnu við systurfélög sín, Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráð Rauða krossins.

Sem hluti af alþjóðahreyfingu vinnur Rauði krossinn á Íslandi jafnframt að því að kynna og gera grein fyrir mikilvægi alþjóðlegra mannúðarlaga ásamt því að vinna að því að Ísland virði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar í samræmi við aðild sína að Genfarsamningunum fjórum frá 1949, viðbótarbókana við þá frá 1977 og 2005, sem og aðrar skuldbindingar á sviði mannúðarréttar. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var haft samráð við bæði Rauða krossinn á Íslandi sem og Alþjóðaráð Rauða krossins, sem er verndari Genfarsamninganna, við gerð frumvarpsins þar sem sjónarmiðum Rauða krossins var komið á framfæri.

Umsögn um frumvarp þetta byggir Rauði krossinn á framangreindu auk grundvallahugsjóna Rauða kross hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi.

#### Almennar athugasemdir

Aðildarríki að Genfarsamningunum og viðbótarbókunum skuldbinda sig til þess að framfylgja ákvæðum samninganna með virkum hætti, m.a. með nauðsynlegri lagasetningu einstakra ákvæða þeirra, ekki síst til að geta saksótt þá sem framið hafa brot eða fyrirskipað öðrum að fremja brot sem teljast gróf í skilningi samninganna og viðbótarbókanna.

Rauði krossinn fagnar því að mælt hafi verið fyrir frumvarpi til laga um innleiðingu refsíákvæða mannúðarréttarins og það sé nú til umræðu í þinginu. Enn fremur fagnar Rauði krossinn því að verknaðarlýsingar Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn verði innleiddar í íslensk lög með skýrum hætti og að alþjóðlegum glæpum sé þannig gerð skýr skil í íslenskum rétti. Þá fagnar Rauði krossinn því að í frumvarpinu sé tekið tillit til breytinga Rómarsamþykktarinnar sem samþykktar voru í Kampala árið 2010. Heilt á litið er framsetning verknaðarlýsinga í 1. – 5. gr. frumvarpsins afar skýr og aðgengileg að mati Rauða krossins.

#### Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

##### Um 2. gr.

Ákvæði 2. gr. um glæpi gegn mannúð endurspeglar ákvæði 7. gr. Rómarsamþykktarinnar (e. *Crimes against humanity*), að undanskildu því að sérstaklega er tekið fram í ákvæði Rómarsamþykktarinnar



skilyrðið um að verknaður sé framinn vitandi vits (*e. with knowledge of the attack*). Fram kemur í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins að ekki hafi verið talin þörf á að innleiða síðasta skilyrði upphafsmálgreinar 1. mgr. 7. gr. Rómarsamþykktarinnar um að verknaðurinn sé framinn vitandi vits um atlöguna. Fram kemur að saknæmisregla almennra hegningarlaga dugi hvað framangreint varðar og jafnframt að við innleiðingu norsku og þýsku laganna hafi ekki verið talin þörf á að innleiða sérstaklega þetta orðalag.

Með hliðsjón af huglægu skilyrði síðari hluta ákvæðis 7. gr. Rómarsamþykktarinnar, telur Rauði krossinn að skýrara sé að tiltaka í 2. gr. að verknaðir skv. ákvæðinu séu framdir vitandi vits. RKÍ gerir því tillögu um að 2. gr. verði svohljóðandi:

Hver sem fremur glæp gegn mannúð skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 ár eða ævilangt. Eftirtaldir verknaðir teljast glæpir gegn mannúð þegar þeir eru framdir, vitandi vits, sem hluti af víðtækri eða kerfisbundinni atlögu sem beint er gegn óbreyttum borgunum.

### Um 3. gr.

Rauði krossinn fagnar því að 3. gr. frumvarpsins gangi enn lengra en ákvæði 8. gr. Rómarsamþykktarinnar um stríðsglæpi, í því skyni að endurspegla alþjóðaskuldbindingar Íslands og venjurétt. Þar má sérstaklega nefna ákvæði um gróf brot í viðbótarbókun I sem ekki voru tekin upp í Rómarsamþykktinni en tiltekin eru í 3. gr. frumvarpsins um stríðsglæpi í alþjóðlegum vopnuðum átökum.

### Lokaorð

Rauði krossinn vill koma því á framfæri að fulltrúar félagsins eru tilbúnir til að hitta allsherjarnefnd til þess að reifa framangreindar athugasemdir ef þörf þykir.

